

D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 2. maí 2019 í máli nr. E-29/2018:

Jón Þórir Óskarsson

(Guðmundur B. Ólafsson lögmaður)

gegn

Hval hf.

(Stefán A. Svensson lögmaður)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. mars sl., er höfðað af Jóni Þóri Óskarssyni, Njálsgötu 81, Reykjavík, á hendur Hval hf., Miðsandi, 301 Akranesi.

Stefnandi krefst greiðslu á vangoldnum launum, svokallaðri sérstakri greiðslu skv. 3. mgr. 3. gr. ráðningarsamnings aðila, að fjárhæð 1.279.800 krónur, ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 358.200 krónum frá 10. október 2013 til 3. október 2014 og frá þeim degi af 847.800 krónum til 30. október 2015 og frá þeim degi af 1.279.800 krónum til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

II.

Stefnandi starfaði hjá Hval hf. á hvalvertíðum árin 2009 og 2010 og einnig árin 2013, 2014 og 2015. Til grundvallar ráðningu hans 2013 og 2014 lágu skriflegir ráðningarsamningar, sem stefnandi og stefndi rituðu undir við upphaf hvernar vertíðar, en aðilar rituðu ekki undir ráðningarsamninga hin árin. Lúta kröfur stefnanda að greiðslu launa fyrir árin 2013, 2014 og 2015.

Um vinnutíma og laun var samið í gr. 3 í ráðningarsamningi, sem var óbreytt öll árin sem stefnandi starfaði hjá stefnda, utan þess að launafjárhæðir tóku hækkunum milli ára. Kemur fram í 1. mgr. 3. gr. slíks ráðningarsamnings að almennt skyldi unnið á 12 tíma vöktum og fyrir hverja vakt á virkum degi skyldi á árinu 2013 greiða 28.782 krónur, en 32.072 krónur fyrir hverja vakt um helgar og á samningsbundnum frídögum, sbr. 2. mgr. Í reynd var þó unnið á 8 tíma vöktum, samkvæmt samkomulagi aðila, og stefnanda því greitt 8/12 af fyrrgreindri fjárhæð fyrir hverja vakt, eða 19.188 krónur fyrir vakt í dagvinnu en 21.381 króna fyrir vakt

um helgar og á samningsbundnum frídögum. Þá var í 3. mgr. 3. gr. samningsins frá árinu 2013 kveðið á um það að stefndi skyldi greiða stefnanda sérstaka greiðslu að fjárhæð 5.400 krónur fyrir hverja 12 tíma í vaktavinnu, en í henni væru innifaldar greiðslur fyrir ferðir til og frá vinnustað og greiðsla fyrir frítökurétt í þeim tilvikum þar sem hvíld væri styttri en 11 klukkustundir á sólarhring. Í greininni sagði svo að ef stefnandi yrði beðinn um að vinna þannig að hann næði ekki átta tíma hvíld milli vakta skyldi stefndi greiða honum aukalega 1,5 tíma í dagvinnu fyrir hvern unninn tíma. Í samhljóða ákvæði í samningnum á árinu 2014 var framangreind fjárhæð tilgreind 5.556 krónur.

Einn fyrrverandi starfsmaður stefnda á hvalvertíð höfðaði mál gegn stefnda í byrjun árs 2016, m.a. vegna ágreinings aðila um uppgjör á slíkum greiðslum sem um er deilt í máli þessu vegna vinnu hans á því ári. Var dómur í því máli kveðinn upp 28. júní 2017, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að upp á laun stefnandans hefði vantað sem næmi uppgjöri greiðslu skv. 3. mgr. 3. gr. ráðningarsamnings aðila, sem stefnda hefði borið að greiða til viðbótar greiðslu fyrir hverja vakt skv. 2. mgr. 3. gr. Hins vegar var í dóminum tekið fram að gegn mótmælum stefnanda yrði við úrlausn málsins ekki horft til þeirrar málsástæðu stefnda að stefnandi hefði fírrt sig rétti til að gera athugasemdir við vangreiðslu kröfunnar vegna tómlætis, þar sem hún væri of seint framkomin.

Í kjölfar framangreinds dóms gerði stéttarfélag stefnanda, VR, kröfu á hendur stefnda í bréfi, dags. 28. júní 2017, um að laun yrðu leiðrétt afturvirkir í samræmi við 3. mgr. 3. gr. ráðningarsamningsins og niðurstöðu framangreinds héraðsdóms. Erindinu var hafnað með bréfi lögmanns stefnda, dags. 11. ágúst sama ár, með þeim rökum að fordæmisgildi dómsins væri takmarkað, m.a. vegna þess að ekki hefði í málinu reynt á tómlæti, en það kynni mögulega að hafa þýðingu gagnvart öðrum starfsmönnum. Höfðaði stefnandi í kjölfarið mál þetta á hendur stefnda í mars 2018, en málið var þingfest 3. apríl sama ár. Eftir höfðun málsins staðfesti Hæstaréttur framangreinda niðurstöðu héraðsdóms með dómi uppkveðnum 14. júní 2018, í máli nr. 594/2017.

Við aðalmeðferð málsins voru skýrslur teknar af forsvarsmanni stefnda, Kristjáni Loftssyni, og vitnunum Vilhjálmí Birgissyni, Guðmundi Steinbach, Sæmundi Rúnari Þorgeirssyni og Halldóri R. Lárussyni.

Stefnandi vísar til þess að þrátt fyrir niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 594/2017, varðandi þann ágreining sem upp hafi verið um hina sérstöku greiðslu samkvæmt ráðningarsamningi aðila, hafi stefndi ekki greitt stefnanda í máli þessu í samræmi við það.

Stefnandi geri kröfu um vangoldnar greiðslur vegna vinnu árána 2013, 2014 og 2015. Á árinu 2013 hafi stefnandi unnið 99,5 vaktir, sem geri 358.200 krónur vegna hinnar sérstöku greiðslu. Á árinu 2014 hafi stefnandi unnið 136 vaktir, sem geri 489.600 krónur vegna hinnar sérstöku greiðslu, og á árinu 2015 hafi hann unnið 120 vaktir, sem geri 432.000 krónur vegna hinnar sérstöku greiðslu.

Stefnandi hafni því að kröfur hans séu fyrndar eða fallnar niður fyrir tómlæti. Varðandi fyrningu tekur hann fram að skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fyrnist launakröfur á fjórum árum. Byrji fyrningarfrestur að meginstefnu að líða þegar samningur sé vanefndur, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna. Hins vegar verði í tilviki stefnanda að horfa til þess að stefnandi hafi ekki fengið vitneskju um kröfu sína fyrr en fyrrgreindur dómur Héraðsdóms Vesturlands féll í máli nr. E-6/2016, hinn 28. júní 2017. Hafi fyrningarfrestur kröfunnar því lengst um eitt ár frá þeim tíma, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 150/2007.

Varðandi tómlæti bendi stefndi á að þótt oft sé vísað til tómlætis í vinnurétti þá verði að beita þeim sjónarmiðum með mikilli varúð. Meginreglan sé að vinnuveitendur sjái um framkvæmd launagreiðslna. Þeim beri að fara eftir ákvæðum kjarasamninga og ráðningasamninga við útborgun launa. Launþegi sé því í góðri trú er hann fái laun um að þau séu í samræmi við hans ráðningarsamning. Í þessu máli liggir fyrir að laun séu með ásetningi ekki greidd í samræmi við ráðningarsamning, án þess að stefnanda sé gerð grein fyrir skilningi stefnda á samningi aðila. Í ljósi þess geti stefndi ekki borið fyrir sig tómlæti þar sem um vísitandi brot á samningi sé að ræða. Tómlæti byggir á þeirri meginreglu að það byrji að telja er launþeginn fái vitneskju um rétt sinn. Stefnandi hafi brugðist strax við er fyrir hafi legið niðurstaða Héraðsdóms Vesturlands í máli nr. E-6/2016 um greiðsluskyldu stefnda í samskonar máli.

IV.

Stefndi byggir á því að hvers konar kröfuréttindi stefnanda eldri en fjögurra ára miðað við 30. ágúst 2017 teljist fyrnd, sbr. nánar 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

Stefndi byggir og á því að stefnandi hafi glatað kröfum sínum sakir tómlætis. Því eldri sem meint kröfuréttindi séu og því lengur sem stefnandi hafi unnið hjá stefnda þeim mun meira sé tómlæti stefnanda. Viðlíka orðalag um hina sérstöku greiðslu hafi verið notað í ráðningarsamningum stefnda við starfsmenn allt frá árinu 2009 og byggt á sambærilegum útreikningsforsendum án þess að einn einasti starfsmaður hafi hreyft þeim skilningi sem stefnandi hafi byggt á. Stefnandi hafi unnið hjá stefnda árin 2009, 2010, 2013, 2014 og 2015 án þess að hafa haft í frammi neinar viðbáru vegna þess sem um sé deilt. Sé því hvers konar meintur réttur hans niður fallinn. Sé þetta og til merkis um að stefnandi hafi talið ráðningarsamninga aðila vera þess efnis sem stefndi hafi byggt á. Sé sérstaklega mótmælt þeirri staðhæfingu stefnanda að stefndi hafi „með ásetningi“ ekki greitt laun í samræmi við efni ráðningarsamninga.

Stefndi vísar til þess að allan þann tíma sem stefnandi hafi unnið fyrir stefnda hafi hann engar athugasemdir gert við útborguð laun, frekar en aðrir. Þá hafi hann sjálfur engar kröfur sett fram á hendur stefnda fyrr en með bréfi VR, dags. 28. júlí 2017. Geti stefnandi í þessu sambandi ekki skákað í skjóli málshöfðunar annars launþega, s.s. ráða megi af réttarframkvæmd. Það geti því ekki verið neinum vafa undirorpið að stefnandi hafi fyrirgert hvers konar hugsanlegum rétti til umkrafinna greiðslna vegna tómlætis.

V.

Eins og rakið er í kafla II hér að framan var með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 14. júní 2018, í málinu nr. 594/2017, staðfest sú niðurstaða héraðsdóms frá 28. júní 2017 um að fallast bæri á þann hluta kröfugerðar fyrrverandi starfsmanns stefnda á hvalvertíð er laut að hinni sérstöku greiðslu samkvæmt 3. mgr. 3. gr. ráðningarsamnings aðila vegna vakta. Var og staðfest sú niðurstaða að ekki yrði í málinu byggt á þeirri málsástæðu stefnda að stefnandi hefði firrt sig rétti til að gera athugasemdir við vangreiðslu kröfunnar vegna tómlætis, þar sem krafa þar um hefði komið of seint fram undir rekstri málsins.

Stefnandi höfðaði mál þetta í kjölfar uppkvaðningar framangreinds héraðsdóms í mars 2018. Krefst hann leiðréttingar á uppgjöri stefnda við sig með hliðsjón af niðurstöðu dómsins vegna hinnar sérstöku greiðslu, sbr. 3. mgr. 3. gr. ráðningarsamnings, fyrir vinnu á hvalvertíð sumrin 2013, 2014 og 2015. Lýtur ágreiningur aðila máls þessa einungis að því hvort framangreindar kröfur séu fallnar niður sökum fyrningar og/eða tómlætis stefnanda við að halda þeim fram.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fyrnast umræddar launakröfur stefnanda á fjórum árum frá því þær áttu að greiðast og verður ekki fallist á það með stefnanda að hann geti í þeim efnum borið fyrir sig ákv. 1. mgr. 10. gr. laganna vegna skorts á nauðsynlegri vitneskju um kröfuna. Kemur fram á fyrirbyggjandi launaseðlum stefnanda vegna hins umkrafða tímabils að hann fékk laun sín frá stefnda útborguð á hálfsmánaðar fresti, fyrst hinn 4. júlí 2013. Þar sem fyrning var fyrst rofin með birtingu stefnu í máli þessu í mars 2018 teljast þær launakröfur stefnanda sem til greiðslu áttu að koma 4. júlí til og með 12. september 2013 því fallnar niður fyrir fyrningu.

Við úrlausn þess hvort stefnandi hafi að öðru leyti sýnt af sér slíkt tómlæti við að fylgja eftir launakröfum sínum gagnvart stefnda að hann hafi þar með fyrirgert rétti sínum til þeirra er fyrst til þess að líta að ekkert er fram komið um það að stefnandi hafi á starfstíma sínum hjá stefnda á árunum 2009 og 2010 og síðan á árunum 2013, 2014 og 2015 gert nokkrar athugasemdir við launayfirlit sín og launaseðla. Endurnýjaði hann ráðningarsamband sitt við stefnda á árunum 2010, 2013, 2014 og 2015 án þess að gera athugasemdir við það fyrirkomulag sem tíðkast hafði hjá stefnda um greiðslu launa að þessu leyti. Var það fyrst með kröfubréfi lögmanns stéttarfélags stefnda, dags. 28. júlí 2017, sem krafist var leiðréttingar á vangreiðslu stefnda á umræddum launagreiðslum til stefnanda. Stefndi hafnaði hins vegar þeirri kröfu 11. ágúst sama ár. Höfðaði stefnandi í kjölfarið mál þetta í mars 2018. Voru þá liðin rúmlega tvö og hálf ár frá því stefnandi lét endanlega af störfum hjá stefnda á árinu 2015 eftir að hafa starfað hjá honum alls í fimm sumur. Liggur ekkert fyrir um það í málinu að stefndi hafi á þeim tíma af ásetningi „ekki greitt í samræmi við ráðningarsamning“, eins og stefnandi heldur fram. Að framangreindu virtu, og óháð því hvort stefnandi hafi átt rétt til þeirra greiðslna sem um er deilt, verður á það fallist með stefnda að stefnandi hafi vegna tómlætis fyrirgert rétti sínum til ætlaðra vangoldinna launa að því leyti sem þær kröfur voru þá ekki þegar fyrndar, eins og áður segir. Verður engu talið breyta í því tilliti, með hliðsjón af dómum Hæstaréttar í málum nr. 370/1989 og nr. 182/2006, þótt stefnandi telji sig fyrst hafa fengið vitneskju um kröfu sína með fyrrgreindum dómi Héraðsdóms Vesturlands í máli nr. E-6/2016. Verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Ásgeir Magnússon dómstjóri kveður upp dóm þennan, en við uppkvaðningu hans var gætt ákv. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Dómsorð:

Stefndi, Hvalur hf., er sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Þóris Óskarssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Ásgeir Magnússon